



Óútskýrð sprenging fannst víða á Suðurlandi

Fólk veltir vöngum yfir undarlegri höggbylgju sem heyrðist og fannst á Árborgarsvæðinu, í Flóanum og í Þorlákshöfn á milli klukkan 18 og 19 síðasta þriðjudag. Umræða um þetta undarlega fyrirbrigði skapaðist í Facebook-hópnum Íbúar á Selfossi og víðar á Facebook, þar sem fólk sagðist ýmist hafa fundið fyrir eða heyrt í þessum hveli sem, eftir athuganir blaðamanns, virðist ekki eiga sér neinar haldberar útskýringar. Veðurstofa Íslands staðfestir í samtali við dfs.is að engir skjálftar hafi mælst á svæðinu á þessum tíma og sömuleiðis segir

Lögreglan á Suðurlandi að engar tilkynningar hafi borist þeim varðandi þennan undarlega hvell „við komum alveg af fjöllum“, sagði lögregluumaður í samtali við dfs.is.

Mörg hafa sagt frá sinni upplifun af þessu fyrirbrigði. Einnhver segjast hafa fundið sprengingu, ein sagði að þetta hefði hljómað alveg eins og þegar væri verið að sprengja í Ingólfsfjalli en fannst þetta þó heldur herra en hljóðin sem hún hafði heyrt þaðan. Ein sagði að hún hefði haldið að einhver hefði keyrt á húsið hennar, á meðan önnur

segist hafa haldið að nágranninn hafi verið að skella útidyrhúðinni. Mörg töldu að um undanfara jarðskjálfta hefði verið að ræða og „undirbyggðu sig fyrir risa jarðskjálfta“. Þá bendir einn á að tundurduflaslaðarar séu komnir til landsins og hugsanlega hafi tundurdufl sprungið á hafi úti. Hvað olli vitum við ekki en munum halda lesendum uppfærðum eftir bestu getu, ef okkur berst til eyrna einhver útskýring á því sem gerðist.

HGL

Nýr samningur við Sigurhæðir undirritaður

Sigurhæðir, miðstöð fyrir þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi fagnaði tveggja ára afmæli þann 19. mars sl. Sigurhæðir bjóða konum, 18 ára og eldri, endurgjaldslausa, samhæfða ráðgjöf, stuðning og meðferð á þeirra forsendum.

Sigurhæðaverkefnið er fjármagnað með styrkjum frá ríku,

inu, sveitarfélögum, frjálsum félagasamtökum og einstaklingum.

Í tilefni afmælishátíðar Sigurhæða var skrifað undir þriggja ára samstarfssamning við Sveitarfélagið Árborg en með því leggur Sveitarfélagið sitt af mörkum til að tryggja áframhaldandi uppbyggingu úrræðisins á Suðurlandi.



Gjöf til Villingaholtskirkju

Kvenfélag Villingaholtshrepps gaf Villingaholtskirkju nýverið 100.000,- krónur til kaupa á nýju sálmaðókinni sem gefin var út á haustmánuðum síðasta árs.

Kvenfélag Villingaholtshrepps hefur ávallt staðið þétt við bakið á Villingaholtskirkju og gefið ýmsa muni, s.s. hökla og fermingarkirtla.

Ákveðið hefur verið að fá

kvenfélagskonurnar hverja og eina til að árita innan í sálmaðókunna eigin hendi um að þær séu gjöf frá kvenfélaginu og að rita síðan sitt eigið nafn undir til staðfestingar að svo sé. Sóknarnefnd Villingaholtskirkju færði kvenfélagi Villingaholtshrepps þakkir fyrir hönd safnaðarins kærlega fyrir þessa höfðinglegu gjöf eftir messu í kirkjunni 5. febrúar sl.



Ný Ölfusárbrú vikur fyrir göngum undir Selfoss



Afmælishátíð í Vallaskóla

Fáðu fagmann í verkið



PIPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Toyota
Selfossi

FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



Karlakór Hreppamanna Vortónleikar 2023



Á efnisskrá karlakórsperlur og Laddalög

Stjórnandi: Atli Guðlaugsson

Píanóleikari: Sigurður Helgi Oddsson

Fiðlu- banjó- og gítarleikari: Matthías Stefánsson

Einsöngur: Bjarni Atlason

Hveragerðiskirkju 15. apríl kl. 16:00

Víðistaðakirkju Hafnarfirði 21. apríl kl. 20:00

Félagsheimilinu á Flúðum 22. apríl kl. 20:00

Aðgangseyrir kr. 4.000,-

Verið hjartanlega velkomin



Vegna aðalfundar Bárunnar, stéttarfélags 2023

Uppstillingarnefnd Bárunnar, stéttarfélags hefur sent frá sér tillögu að lista samkvæmt lögum sem samþykkt voru á aðalfundi 2017. Nefndin leggur fram tillögu að lista til stjórnar og nefnda Bárunnar. Listi uppstillingarnefndar liggur frammi til kynningar hjá Bárinni, stéttarfélagi á Austurvegi 56, Selfossi og á heimasíðu félagsins frá og með föstudeginum 31. mars 2023.

Á aðalfundi Bárunnar þann 15. maí 2023 skal kosið í stjórn um varaformann og þrjá meðstjórnendur og þrjá í varastjórn.

Stjórn sjúkrasjóðs 5 aðalmenn og 3 til vara.

Úthlutunarnefnd vinnudeilusjóðs (3 aðalmenn og 2 varamenn), uppstillingarnefnd (3 aðalmenn og 1 varamann), kjörstjórn (2 aðalmenn og 2 varamenn) og um skoðunarmenn reikninga (2 aðalskoðunarmenn og 1 varamaður). Siðanefnd (3 aðalmenn og 2 varamenn).

Frestur til að bjóða sig fram og/ eða bera fram aðrar tillögur til uppstillingarnefndar er til og með 30. apríl 2023 og skilist á skrifstofu félagsins að Austurvegi 56 Selfossi (3.hæð).

Uppstillingarnefnd
Bárunnar, stéttarfélags

Aprílgabb Dagskrárinnar

Það er jú bara einu sinni á ári sem fjölmíðlafólk á Íslandi fær frjálssar hendur til að skrifa falsfréttir án þess að af þeim verði miklir eftirmálar. Við létum það tækifæri okkur ekki úr greipum renna og birtum eftirfarandi grein á dfs.is, laugardaginn 1. apríl síðastliðinn. Það voru þónokkrir lesendur sem bentu glögglega á, í athugasemdum við fréttina, hvaða dagur væri og fyrir vikið varð úr að enginn

hljóp apríl í okkar boði, en við höfðum haft samband við þau hjá Miðbar/Sviðinu um að taka vel á móti þeim, með svalandi drykkjum, sem kæmu hlaupandi til upplogins fundar við innviðaráðherra.

Fréttin var skrifuð í samráði við Sigurð Inga innviðaráðherra og Leó Árnason, stjórnarformann Sigtúns Þróunarfélags. Þökkum við þeim kærlega fyrir góðar undirtektir við þessu gríni

okkar. Svanhildur Jónsdóttir, samgönguverkfræðingur hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu gaf blaðamanni að auki góð ráð varðandi faglega og trúverðuga framsetningu á mögulegri framkvæmd og færur við henni bestu þakkir fyrir ráðgjöfina. Björgvin Rúnar Valentinsson, blaðamaður Dagskrárinnar, sá svo um að falsa mynd í nafni Vegagerðarinnar af mögulegri framkvæmd.

Ný Ölfusárbrú viku fyrir göngum undir Selfoss – íbúafundur á Sviðinu

Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra hefur staðfest, í samtali við dfs.is, að vikið hafi verið frá þeirri ákvörðun að reisa nýja Ölfusárbrú austan við Selfoss. Í stað brúarinnar stendur til að byggja neðanjarðargöng sem munu liggja frá nýja hringtorginu á Suðurlandsvegi, undir Selfoss og enda nærri afleggjaranum að Uppsölum, austan við Selfoss. Vegna yfirvofandi breytinga hefur verið boðað til íbúafundar á Sviðinu í miðbæ Selfoss klukkan 13 í dag, þar sem Sigurður Ingi ætlar að kynna þessa byltingakenndu samgöngubót fyrir íbúum.

Arðbært verkefni

„Göngin verða tvíþætt, annarsvegar svokölluð botngöng, sett saman úr forsteyptum einingum sem sökk verður í skurð sem grafinn verður í Ölfusá, og hinsvegar hefðbundin jarðgöng sem taka við af botngöngunum. Þau verða í heild 5,7 kílómetrar að lengd og munu mest fara niður á um 20 metra dýpi, undir Ölfusá, en bergþekja yfir göngunum þarf að ná 13,8 m. Þessi framkvæmd er að vísu svolítið kostnaðarsamari en brúin, en félagslagfræðileg greining styður þessa ákvörðun sem samræmist nýrri fjármálaáætlun íslenska ríkisins, enda arðbært verkefni.

Í fjármálaáætluninni kemur fram að göngin komi til með að kosta mun minna til lengri tíma litið og kostnaðurinn dreifist yfir lengri tíma, viðhaldið á göngunum krefst einnig mun minni vinnu en brúarinnar og umferðaröryggi eykst til muna, sérstaklega með það til hliðsjónar að samhliða framkvæmdinni verður Austurvegurinn gerður að borgargötu, gerður meira aðlaðandi og hámarkshraði lækkaður niður í 30 km/klst,“ segir Sigurður Ingi í samtali við dfs.is

Bætt loftgæði og aukið öryggi

Sigurður Ingi bætir við að með göngunum komi íslenska ríkið til móts við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna. „Við bindum vonir við að með þessari breytingu verði mögulegt að minnka verulega umferðarpunga bæði í gegnum og í kringum Selfoss og auka þar með öryggi íbúa og vegfarenda. Í ofanálæg kemur þetta til með að minnka mengun á svæðinu og stuðlar að bættum loftgæðum Selfyssinga, auk þess að skógræktin í Hellisskógi getur haldið áfram að blómstra sem aldrei fyrr og ætti ekki að verða fyrir raski að mannavöldum með gatnagerð og tilheyrandi, eins og til stóð með brúarsmíðinni.“

Lyfta upp í miðbæinn

Sigurður Ingi segir þá staðreynd að engin hljóðmengun eða truflun frá umferð þungaflutningabíla og ferðamanna í og í kringum bæinn eigi eftir að gera Selfoss að náttúruverndarparadís. „Hugmyndum um að gera lyftu úr göngunum upp í miðbæ Selfoss hefur verið vel tekið og höfum við hafið viðræður við Sigtún Þróunarfélag um möguleikann á þeirri framkvæmd.“

Frábært tækifæri fyrir Selfyssinga

Leó Árnason var kampakátur þegar blaðamaður náði tali af honum. „Við lítum á þetta sem frábært tækifæri fyrir Selfyssinga. Vonir standa til um að við fáum að útbúa stórt bílastæði sem yrði aðgengilegt úr göngunum og fólk gæti tekið lyftu beint upp í miðbæinn. Með þessu sjáum við fyrir okkur að fólk komi til með að geta notið tímans á Selfossi betur í rólegra umhverfi og okkur finnst frábært að Austurvegur verði gerður að borgargötu, bæjarbúum og gestum í hag. Við munum taka við keflinu á eftir Sigurði Inga og segja betur frá fyrirhuguðum áætlunum Sigtúns Þróunarfélags á íbúafundinum í dag.“

HGL



Nýja gatnakerfið á þjóðvegi 1. Mynd: Vegagerðin.

SKÍTAMÓRALL

SVIÐIÐ SELFOSSI
26. - 28. MAÍ

TAKMARKAÐ SÆTAFRAMBOÐ - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX Á TIX.IS

Árshátíðir BES

Í síðustu vikunni fyrir páska voru haldnar árshátíðir í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri. Fimmtudagskvöldið 30. mars reið 7.-10. bekkur á vaðið og hélt sína árshátíð með pompi og prakt. Sú árshátíð hófst með hátíðakvöldverði í sal skólans á Stokkseyri, svo voru heimatilbúin skemmtiatriði frá bæði nemendum og kennurum og voru hláturtaugarnar þandar þar. Að lokum var svo ball þar sem allir dönsuðu af miklum móð. Að sjálfsögðu var myndahringur til að allir gætu tekið af sér myndir og átt skjalfestar minningar um þetta skemmtilega kvöld. Allt var til fyrirmyndar hjá unglingunum þetta kvöld og það er heiður að fá að skemmta sér með svona skemmtilegum ungmennum.

Föstudaginn 31. mars var svo komið að 1.-6. bekk, þau hafa á undanförunum vikum verið að æfa leikrit sem er samsett úr þekktum ævintýrum og leikritum. Þarna stigu á svið rænningar, prinsessur, bakarar, mýs, refur, úlfur, veiðimaður, dvergar, stelpur og strákar, tannpínupúkar og margir aðrir. Þessi leiksýning rann fumlaut áfram eins í atvinnuleikhúsi og skemmtu

áhorfendur sér vel en forráðamönnum var boðið að koma og horfa á. Daginn áður hafði verið forsýning þar sem unglingastigið og elstu nemendur leikskólans mættu og skemmtu sér vel. Þegar leiksýningu var lokið söfnuðust allir saman og snæddu hátíðarhádegisverði í sal skólans.

Það var gaman að sjá á báðum árshátíðunum hvað allir skemmtu sér vel og undantekningalítið tóku allir þátt. Vissulega settu veikindi í sumum

tilfellum strik í reikninginn, en þannig er lífið víst. Þegar maður verður vitni að svona frábærum viðburðum sem nemendur bera hitann og þungann af þá getur maður horft björtum augum til framtíðarinnar. Ég hlakka að minnsta kosti til að horfa á eftir þeim út í lífið og fylgjast með sigrum þeirra á ýmsum sviðum.

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri



Forsetahjónin heimsóttu Mýrdalshrepp

Þann 28. mars sl. heimsóttu forsetahjónin, Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Reid, heilsugæslustöðina í Vík í Mýrdal. Hjónin voru í opinberri heimsókn í Mýrdalshreppi dagana 28. og 29. mars og heimsóttu fyrirtæki og stofnanir á svæðinu.

Við þetta tækifæri afhentu félagar í Lionsklúbbnum Suðra heilsugæslustöðinni í Vík límsmælingartæki að gjöf. Félagar í Suðra hafa verið einstaklega duglegir að gefa til heilsugæslunnar í gegnum tíðina, segir í frétt frá HSU. Helga Þorbergsdóttir lét þess að auki geti að nýlega hefðu eigendur Hótel Dyrhólaeyjar gefið þeim aðra höfðinglega gjöf, en þar var um að ræða nýtt hjartalínuritstæki.

„Við hjónin erum nú komin heim úr opinberri heimsókn í Mýrdalshrepp, skemmtilegri og fróðlegri. Við fórum víða á tveimur dögum, kynntumst mannlífi og menningu, atvinnu- háttum og ýmsum sóknarfærum. Mýrdælingar eru höfðingjar heim að sækja, enda alvanir að

taka á móti gestum: Vík er einn vinsælasti áningarstaður ferðamanna á landinu öllu og samfélagið ber þess keim. Byggðin er í blómlegum vexti, börnum fjölgar og ríflega helmingur íbúa er af erlendum uppruna. Það var ánægjulegt að finna hversu vel Mýrdælingum hefur tekist að nýta þá fjölbreytni. Samfélagið stendur þétt saman þótt fólk tali ólík tungumál og menning geti verið ólík á ýmsa vegu. Við Eliza fengum líka að kynna náttúrunni sem þarna er

allt um kring, gjöful að jafnaði en varhugaverð sömuleiðis. Það blés hressilega um okkur og um hrið var þjóðveginum lokað. Við tókum okkur heimamenn hins vegar til fyrirmyndar, enda sagt að Skaftfellingar hafi þróað með sér jafnaðargeð og æðruleysi í sambúð við náttúruöflin,“ segir Guðni í færslu á Facebooksíðu forseta Íslands og þakkaði fyrir gestrisni og góðvild sem þau hjón nutu í Mýrdalshreppi.

HGL



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.
Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.
Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X

Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Baugur ekki hefur hann, í Hlíðinni ég bæinn fann.
Kallinn situr sínum á, sérann pistil klára má.

Svar við gátu í blaði 2694: **BLETTUR**

Ég verð nú að viðurkenna að ég hoppaði ekki hæð mína að fá þessa áskorun frá Einari buxa vini mínum en stenst hana samt sem áður að sjálf-sögðu og þakka honum vel fyrir.

Við ætlum að hafa þetta einfalt og fljótlegt svona í aðdraganda páska, margir frí dagar og auðvelt að henda í

Ofnbakaðar tortillarúllur
Mjög góðar tortillarúllur fylltar með nautahakk, sýrðum rjómann tómötum bakaðar í ofni og bornar fram með guacmole og sýrðum rjóma

Hraefni
500g nautahakk
Krydd: 1tsk salt, 1/4 tsk Chili duft, 1/2tsk cumin, 1/2 tsk laukduft
1 paki original tortilla frá Mission
1 laukur
2-3 hvítlauksrif, pressuð eða rifin
1 salsa sósa frá Mission
Sýrður rjómi
4 tómatar, smátt skornir
6 dl rifinn cheddar ostur
1 dl rifinn mozzarella ostur

Aðferð
Byrjið á að steikja lauk og hvítlauk upp úr ólífuoloíu. Bætið nautahakki saman við og kryddið. Hellið svo salsa sós-

Og að lokum ætla ég að skora á vin minn og manninn sem lætur hjólin í sveitarfélaginu snúast Hafþór Sævarsson, hann hatar ekki góðan mat, takk fyrir mig

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Róbert Heimisson er sunnlenski matgæðingur vikunnar að þessu sinni.

uni út í og hrærið vel saman.

Smyrjið hverja tortillu með 2 tók sýrðum rjóma, dreifið rúmlega 1dl af nautahakki yfir, stráðið 1/2 dl cheddar osti yfir og 1-2 tsk tómötum.

Rúllið tortillunum upp og skerið svo í 4 bita.

Smyrjið eldfast mót með ólífuoloíu og dreifið tortillarúllunum ofan í.

Dreifið mozzarella og cheddar osti og restinni af tómötunum yfir.

Bakið í 8-10 mínútur við 190C.

Stráðið koríander yfir eftir smekk og berið fram með guacmole og sýrðum rjóma. Njótið vel og gleðilega páska.

Nýr verkefnastjóri fjölmenn- ingar ráðinn til Kötluseturs

Hugrún Sigurðardóttir hefur verið ráðin verkefnastjóri fjölmennningar hjá Kötlusetri til eins árs.

Hugrún er hjúkrunarfræðingur að mennt með víðtæka reynslu af félagsmálum og teymisvinnu. Í starfinu felst samvinna Mýrdalshrepps í tengslum við fjölmenningarmál og stýring á samstarfsverkefni SASS og sveitarfélaganna Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps, Skaftárhrepps og Sveitarfélagsins Hornarfjarðar um sjálfbæra lýðfræðilega þróun á miðsvæði Suðurlands með sérstaka áherlsu á nýja íbúa svæðisins.

Verkefnið er samstarfsverkefni SASS og sveitarfélaganna fjögurra og hefur Byggðastofnun styrkt verkefnið. Verk-



efnisstjóra er ætlað að þróa og leiða samstarfsvettvang tengdan verkefninu og styðja sveitarfélögin við gerð á mótökuáætlun og/ eða stefnu fyrir nýja íbúa á svæðinu.



Skólastjóri

Flóahreppur óskar eftir að ráða skólastjóra Flóaskóla, grunn-skóla Flóahrepps. Skólastjóri ber ábyrgð á starfsemi skólans, rekstri og mannauðsmálum. Hann gegnir lykilhlutverki í mótun skólastarfsins og samstarfi skóla og íbúa. Leitað er að kraftmiklum og lausnamiðuðum leiðtoga með metnað og einlægan áhuga á skólastarfi.

Helstu verkefni

- Stjórnun og ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans
- Fagleg forysta skólans
- Ábyrgð á framþróun í skólastarfi
- Hafa forystu um og styðja samstarf í samræmi við farsældarlög
- Leiða samstarf starfsfólks, nemenda, heimila og skólasamfélagsins í heild
- Samstarf við skólanefnd, sveitarstjóra og sveitarstjórn

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf til kennslu í grunnskóla og kennslureynsla á grunnskólastigi
- Framhaldsmenntun í stjórnun eða uppeldis- og kennslufræðum er æskileg
- Farsæl reynsla af rekstri, stjórnun og þróunarstarfi er æskileg
- Framúrskarandi hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Leiðtogafærni, metnaður og styrkur til ákvarðana
- Skipulagshæfni og góð yfirsýn
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti



**Sótt er um starfið
á hagvangur.is**



Flóaskóli var stofnaður haustið 2004 eftir sameiningu þriggja minni skóla. Flóaskóli er heilsuefandi grunnskóli sem þjónar nemendum í 1.–10. bekk og eru nemendur um 115 talsins. Áhersla er lögð á nemendamiðað nám og að hver og einn einstaklingur fái að njóta sín á eigin forsendum. Skólinn starfar í anda Uppbyggingarstefunnar og er Skóli á grænni grein. List og verkgreinar og önnur skapandi vinna er stór hluti af skólastarfinu og í skólanum er viðhöfð teymiskennsla. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans, floaskoli.is.

Sveitarfélagið Flóahreppur er heilsuefandi samfélag og þar er stutt í alla þjónustu og verslun. Flóahreppur er um 290 km² að stærð og eru íbúar rúmlega 700. Nánari upplýsingar um sveitarfélagið er að finna á floahreppur.is.

Nánari upplýsingar veita Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is, og Þórdís Sif Arnarsdóttir, thordis@hagvangur.is.

Umsóknarfrestur er til og með **16. apríl nk.**

Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar ásamt rökstuðningi fyrir hæfi til að sinna starfinu.

Laun og starfskjör eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ v/Skólastjórafélags Íslands.



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



Sub. EHF

MIÐVIKUDAGURINN 5. APRÍL

PÁSKABALL Í NJÁLSBÚÐ

STEBBI HILMARS · GUNNI ÓLA · UNNUR BIRNA
 ÁSAMT HLJÓMSVEIT

Íþróttamiðstöðin Borg



Við leitum að þjónustulunduðu fólki í sumarstarf frá 1. júní til 20. ágúst. (lágmarksaldur er 18 ára.)

STARFSSVIÐ OG VERKEFNI

- Gæsla við sundlaug, baðvörslu, afgreiðslu og eftirlit með íþróttahúsi og þreksal.
- Almenn þrif.
- Umsækjandi mun sækja námskeið í skyndihjálp og þarf að standast hæfnispróf sundstaða.

HÆFNISKRÖFUR

- Lágmarksaldur 18 ár.
- Hafi þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.
- Dugnaður, stundvísi og samviskusemi.
- Þurfa að standast námskeið í skyndihjálp og sundpróf laugarvarða samkvæmt reglugerð um hollustu-hætti á sund- og baðstöðum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Hreint sakavottorð.

Umsóknnum skal skila til forstöðumanns Íþróttamiðstöðvarinnar Borg á netfangið rut@gogg.is. Nánari upplýsingar gefur Rut Guðmundsdóttir í síma 899-8841.

Menntskælingar vikunnar - Hin heilaga Óskarsþrenning

Í tilefni af 70 ára afmæli Menntaskólans að Laugarvatni, þann 12. apríl nk., ætlum við, í aðdraganda afmælisins, að birta vikuleg viðtöl við gamla nemendur Menntaskólans að Laugarvatni um þeirra upplifun af Menntaskólanum. Næstu þrír viðmælendur mynda það sem við kjósum að kalla hina heilögu Óskarsþrenningu. Þrenninguna skipa þrír ættliðir sem heita allir Óskar og hafa stundað nám við ML, Óskar H. Ólafsson, fyrrum kennari og aðstoðarskólameistari við ML, Óskar Hafsteinn Óskarsson, prestur í Hruna, og Óskar Snorri Óskarsson, núverandi nemandi við ML. Til aðgreiningar, verður svörum þeirra feðga stillt upp í aldursröð, sá elsti efst og tölunum I, II og III, skeytt aftan við nöfnin þeirra.

Hvaða ár varst þú í ML?

Óskar I: Ég hóf nám haustið 1951 og var í fyrsta útskriftarárgangi, ásamt níu öðrum piltum, vorið 1954.

Óskar II: Ég byrjaði haustið 1989 og útskrifaðist vorið 1993.

Óskar III: Ég byrjaði haustið 2020 og klára vonandi núna í vor.

Hvað tók við eftir ML?/Hvert er stefnan tekin eftir ML?

Óskar I: Ég fór beint úr ML í Háskólann og lærði sögu og landafræði en svo tók kennslan við. Fyrst í fjögur ár í Gagnfræðaskóla Keflavíkur 1958-62. Síðan var ég kennari í Héraðsskólanum á Laugarvatni og í Menntaskólanum að Laugarvatni frá 1962-1999, síðustu árin var ég aðstoðarskólameistari ML.

Óskar II: Eftir ML byrjaði ég í guðfræði í HÍ og kenndi samhliða fyrstu tvö árin við ML (eina önn) og við Héraðsskólann. Að loknu guðfræðiprófi var ég vígður prestur til Ólafsvíkur. Hef síðan starfað sem prestur á Akureyri og á Selfossi en síðan



Óskar H. Ólafsson (Óskar I)

2014 hef ég verið sveitaprestur í uppsveitunum og bý í Hruna í Hrunamannahreppi.

Óskar III: Stefnan er óljós en ég held að ég ætli mér á listasviðið, hvað sem það verður.

Hvaða sérstöðu telur þú að ML hafi samanborið við aðra menntaskóla á Íslandi?

Óskar I: Heimavistin og náð samband nemendanna.

Óskar II: Fámennur bekkjar-skóli í sveit með heimavist og öflugt félagslíf.

Óskar III: Það eru auðvitað nemendurnir. Þó að endurnýjun verði á hverju ári í hópnum þá eru það krakkarnir sem eru merkilegastir.

Af hverju fórst þú í ML?

Óskar I: Ég hafði verið í Héraðsskólanum og var snemma ákveðinn í að verða kennari og til þess að svo mætti verða þurfti ég að taka stúdentspróf til háskólanáms og því lá það beint við að fara í ML.

Óskar II: Ég er fæddur og uppalinn á Laugarvatni svo þetta lá beint við.

Óskar III: Félagslífið og heima-vistin, ekki spurning!

Áttu þér uppáhalds minningu úr skólanum?

Óskar I: Þar er af svo ótal mörgu að taka. Kennslustundir hjá Ólafi Briem íslenskukennara eru mjög eftirminnilegar.

Óskar II: Busavíglurnar gátu oft verið ævintýralegar og Ný danskrar böllin í matsalnum voru menningarlegir hápunktar í félagslífinu.

Óskar III: Hlátursköst inni herbergi með góðum vinum.

Hvernig upplifun var að fara að heiman og flytja inn á heimavist?

Óskar I: Mér líkaði það bara ágætlega. Við vorum fjórir sam-



Óskar Hafsteinn Óskarsson (Óskar II)

an á herbergi, fyrst í Grundinni og svo í Menntaskólahúsinu.

Óskar II: Ég var ekki á heimavistinni en dvaldi þar þó oft löngum stundum, að nóttu sem degi!

Óskar III: Það var stressandi fyrst. Fyrstu dagarnir voru erfiðir en þegar maður kynnist lífinu þarna þá langar manni ekkert að fara heim.

Ertu ennþá í sambandi við skólafélagana?

Óskar I: Já, við hittumst alltaf á 10 ára fresti og förum þá að Laugarvatni. En svo höfum við verið í ágætu sambandi þess á milli og höfum hist öðru hvoru í gegnum tíðina.

Óskar II: Já við hittumst náttúrulega á fimm ára fresti og þess á milli eru alltaf einhver samskipti.

Óskar III: Ég er með þeim öllum, alla daga og sumum allar nætur!

Hvers saknarðu mest við að vera í ML? /Hvers átt þú eftir að sakna mest við að vera í ML

Óskar I: Sambandsins við félaganna sem var mjög gott.

Óskar II: Þetta voru dásamleg ár sem gott er að eiga í minningunni.

Óskar III: Ég held að það muni verða hefðbunda vistarlífið. Að spjalla inni herbergi fram eftir nóttu eru kvöld sem sitja með manni lengi.

Hvernig telur þú að menntaskólagangan hafi mótað þig sem einstakling?

Óskar I: Það hefur gert mér auðveldara að umgangast fólk.

Óskar II: Hún lagði manni gott til í félagsfærni og samskiptum.

Óskar III: Hún hefur sannarlega mótað mig. Núna loksins getur maður talað almennilega við fólk.

Myndir þú mæla með því við sunnlensk ungmenni að fara í ML?

Óskar I: Alveg hiklaust! Sambandið á heimavistinni er svo náð og þar skapast vinátta sem endist ævilangt.

Óskar II: Ekki spurning! ML er skólinn!

Óskar III: Ó já. Þessi skóli er fyrir alla.



Óskar Snorri Óskarsson (Óskar III)



Kerhólsskóli er samrekin leik- og grunnskóli fyrir börn frá eins árs – 10. bekkjar í Grímsnes- og Grafningshreppi. Skólinn telur um 70 nemendur og hefur um 30 starfsmenn. Kerhólsskóli starfar eftir hugmyndafræðinni, Uppeldi til ábyrgðar - uppbygging sjálfsgæta. Í Kerhólsskóla er mikil áhersla lögð á list- og verkgreinar, útinám og ætlunin er að efla okkur enn frekar í tækni í skólastarfi. Samkennt er í árgöngum og löggö er áhersla á blöndun árganga og skólastiga. Fyrirhugað er að fara í þróunarstarf á enn meira samstarfi milli stiga (leik- og grunnskóla) þar sem horft er til hugmyndafræðis um „Flæði“ í skólastarfi.



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

VERKEFNASTJÓRI eldra stigs Kerhólsskóla

Leitað er að öflugum verkefnastjóra (staðgengill skólastjóra) á eldra stig (grunnskóladeild) Kerhólsskóla sem hefur góða hæfni í samskiptum og samstarfi, vilja til að þróa framsæknið skólastarf, er skipulagður og umbótadrifinn og hefur metnað til að ná árangri í starfi.

Hlutverk verkefnastjóra eldra stigs er að vera hluti af öflugri stjórnendateymi og byggja upp jákvæðan skólabrag og skapandi skólastarf, sem er í stöðugri þróun í samvinnu við nemendur, starfsfólk/kennara, foreldra og skólayfirvöld.

Um er að ræða spennandi starf fyrir framsækinn og metnaðarfullan einstakling sem vill taka þátt í að leiða uppbyggingu og mótun skólastarfs, börnum í Grímsnes- og Grafningshreppi til heilla.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Að vera staðgengill skólastjóra.
- Að vera í forystu um mótun og framkvæmd faglegar stefnu skólans.
- Að leiða faglega forystu í nemendamálum.
- Að stuðla að velferð nemenda í samstarfi við foreldra og annað fagfólk.
- Umsjón og skipulagning á innra starfi skólans og starfsmannamálum í samvinnu við skólastjóra.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennaramenntun og leyfisbréf kennara.
- Kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Framhaldsmenntun s.s. meistaraþróf á sviði uppeldis- og menntunarfræða, stjórnunar eða sambærilegt nám sem nýtist í starfi.

- Reynsla af stjórnun og faglegri forystu á sviði kennslu, nýbreytni og þróun í skólastarfi.
- Leiðtogahæfni.
- Mjög góð hæfni í samskiptum og skipulagshæfileikar.
- Þekking á hugmyndafræðinni, Uppeldi til ábyrgðar - uppbygging sjálfsgæta.
- Góð tungumálakunnátta í íslensku, ensku.
- Jafnframt er krafist hreins sakavottorðs í samræmi við lög sem og reglur.

Umsókn skal skila á jonabjorg@kerholsskoli.is og henni skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar, rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið, upplýsingar um umsagnaraðila og annað er málið varðar.

Laun eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Tekið er mið af jafnréttisstefnu Grímsnes- og Grafningshrepps við ráðningar.

Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl 2023. Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst nk.

Grímsnes- og Grafningshreppur áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Nánari upplýsingar veitir Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri, jonabjorg@kerholsskoli.is eða í síma 863-0463. Síminn í Kerhólsskóla er 480-5520.

Þú færð
okkar besta
verð á tm.is

Á tm.is og í TM appinu getur þú gengið frá öllum tryggingum hvar og hvenær sem þér hentar.

Hugsum í framtíð

TM



Aðalfundur Vínafélags Ljósheima, Fossheima og Móbergs

verður haldinn sunnudaginn 16. apríl 2023 á hjúkrunardeildinni á Fossheimum v/Árveg kl. 14:00.

Á dagskránni verður venjuleg aðalfundarstörf. Skemmtiefni og að venju kaffiveitingar í boði félagsins.

Ársskýrsla fyrir árið 2020-2022 mun liggja frammi á aðalfundinum. Einnig er hægt að nálgast skýrsluna á heimasíðu HSu. Allir velkomnir.

Stjórn Vínafélags hjúkrunardeilda HSu



MS Selfoss - Bílstjóri með meirapróf

Mólkursamsalan á Selfossi óskar eftir að ráða bílstjóra með meirapróf C1E til afleysinga frá ca. maí til september. Nánari upplýsingar um starfið veitir Björn Magnússon í síma 863-5223, bjornm@ms.is

Helstu verkefni og ábyrgð

- Mjóolkursmölun, dreifing og millibáaflutningar.

Menntunar- og hafniskröfur

- Meiraprof C1E

Aðalsafnaðarfundur Selfosssóknar 2023

Aðalsafnaðarfundur Selfosssóknar verður haldinn í safnaðarheimili Selfosskirkju þriðjudaginn 11. apríl kl. 17:00.

Dagskrá aðalsafnaðarfundar:

Málefni sóknarinnar verða þar rædd, starfsskil og reikningsskil sóknarnefndar sem og verkefni og starf næsta starfsárs.

Dagskrá fundarins er með þessum hætti (sbr. Starfsreglur um sóknarnefndir www2.kirkjan.is/node/11364):

1. Gerð grein fyrir starfsemi og rekstri sóknarinnar á liðnu starfsári.
2. Afgreiðsla reikninga sóknar og kirkjugarðs fyrir sl. ár, ásamt fjárhagsáætlun næsta árs.
3. Greint frá starfsemi héraðsnefndar og héraðsfundi.
4. Ákvörðun um meiriháttar framkvæmdir og framtíðarskuldbindingar.
5. Kosning sóknarnefndarmanna og jafnmargra varamanna til 4ra ára.
6. Kosning tveggja skoðunarmanna eða endurskoðanda sóknar og kirkjugarðs og varamanna þeirra til árs í senn.
7. Önnur mál.

Sjá nánar www.selfosskirkja.is



Sveitarstjóri og oddviti Bláskógabyggðar grínast með lokun hjólhýsasvæðisins á Laugarvatni

Hvernig manneskur viljum við vera og hvernig samfélag viljum við byggja?

Oft hef ég hugsað mér að stinga niður penna vegna máls sem á sér varla hliðstæður þegar horft er til stjórnsýsluáferða og mannlegra samskipta. Sú harka og samskiptaleysi sem þar birtist gagnvart gömlu fólki var sláandi.

Steinninn tók úr þegar ég sá sveitarstjóra og oddvita Bláskógabyggðar taka sjálf þátt í myndbandi, þar sem grínast er með þetta mál. Þar er að mínu mati farið yfir öll mörk í mannlegum samskiptum og nærgætni gagnvart öðru fólki.

Þetta mál varðar lokun hjólhýsasvæðisins á Laugarvatni. Þar var ekki aðeins um fjárhagslegt tjón að ræða, heldur hafði það gríðarleg áhrif á líðan og heilsu, ekki síst eldri borgara sem var stærsti hópur á svæðinu.

Laugarvatn er og hefur verið mín paradís. Yndislegt fólk, jafnt ættingjar sem íbúar umvöfðu mig hlýju öll mín skólaár í ML og ÍKÍ og í sumarfríum gegnum árin. Hamingja og gleði var allsráðandi. Þarna eru æskustöðvar móður minnar þar sem barist var fyrir uppbyggingu skólanna af miklum krafti. Til varð menntasetur í sveit, lifandi samfélag, heillandi heimur. Traust ímynd.

Til að halda í mína sterku rót hef ég átt athvarf í hjólhýsaröðin á Laugarvatni frá árinu 2013. Þar var yndislegt fólk, mest eldra fólk sem hafði sumt verið þar í tugi ára, margir komu að vori og fóru að hausti.

Að upplifa þá ótrúlegu atburðarás sem fór af stað þegar sveitarstjórn ákvað að loka hjólhýsabyggðinni, það gleymist ekki. Sú saga verður sögð en ekki hér. Allt í einu var fólk sem áður hafði glaðst og hlakkað til að njóta árlegra sumardaga á Laugarvatni, orðið að "hjólhýsaliði" sem skipti engu máli í samfélaginu. Líðan þessa hóps er ein harmsaga en svo óþörf. Að

taka ákvörðun er eitt en að sýna ábyrgð og láta sig varða þá er ákvörðun snertir, það er annað.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar fær felleinkunn fyrir afgreiðslu þessa máls. Engum kom við hvernig fólkinu leið. Sumir gáfu eignir sínar eða seldu langt undir markaðsvirði þegar hótanir bárust um dagsektir. Ekkert samtal, enginn stuðningur, engin samskipti við gamla fólkið sem skildi ekki hvað var að gerast.

Það var ekki ákvörðunin sem var erfiðust. Það var afskiptaleysið hjá þeim sem tóku ákvörðunina. Gamla fólkið spurði hvað væri að gerast, lokaði sig af, grét, hætti að koma á svæðið.

Enginn sameiginlegur fundur var haldinn með íbúum hjólhýsabyggðarinnar. Enginn fundur var haldinn með íbúum Laugarvatns, sem þó áttu hagsmuna að gæta. Fundir með talsmönnum svæðisins voru sýndarfundir, lagðar voru fram nýjar tillögur sem leið til lausna. Lítið var gert með þeirra rök eða tillögur.

Allt þetta ferli er í algjörrí mótssögn við allt sem ég hef upplifað á Laugarvatni. Tiltaksleysi og kuldaleg framkoma, skýr skilaboð um að það væru annars vegar við, íbúar og svo hins vegar þið, hjólhýsaliðið. Sumir reyndu að hrópa hátt enda fátt sorglegra en horfa upp á



fullorðið fólk þjást. Þeir fáu sem voru stórtírtir voru settir til hliðar á samfélagsmiðli svæðisins og í kjölfarið allir sem minntust á hjólhýsasvæðið. Þegar hugsað er til baka verður málið sífellt furðulegra.

Hliðið að hjólhýsagarðinum varð miðpunkturinn, þar fyrir innan var „Þetta lið“.

Ábyrgðin er alfarið sveitarstjórnar, núverandi og fyrrverandi. Það er sláandi að sjá myndband sem staðfestir að ekki sé meiri skilningur á alvarleika málsins. Fyrir utan mannlega þáttinn þá ætti ekki síður að vera mikilvægt að varðveita margra ára uppbyggingu á dýrmætri og jákvæðri ímynd Laugarvatns

Fólk í sveitarstjórnum eins og annað fólk þarf að spyrja sig þessarar spurningar; „Hvernig manneskur viljum við vera?“ Hvernig samfélag viljum við byggja?

Anna Karólína Vilhjálmsdóttir



Hvert fóru bátarnir frá Stokkseyri?

Sýning Elfars Guðna í Gall-erý Svartakletti á Stokkseyri opnar á skírdag.

Sýningin verður opin um páskahefina frá kl. 14 -17 og eftir það er opið um helgar út apríl frá kl. 14 -17.

Á sýningunni verða tvær myndaraðir af eldri myndum frá árinu 1993 til 1995. Önnur myndaröðin tengist því þegar Frystihúsinu á Stokkseyri var lokað og margt fólk missti vinnuna, hin röðin er af gömlum hlutum. Málafar er á gamlan brúnan krossvið. Einnig verða nýjar og nýlegar myndir á sýningunni



Fókus sigraði í Músíktílaunum

Hljómsveitin Fókus frá Höfn í Hornafirði, bar sigur úr býtum á úrslitakvöldi Músíktílauna sem haldið var í Hörpu síðasta laugardagskvöld. Fókus er skipuð Hornfirðingunum Amylee Trinadade, Önnu Láru Grétarsdóttur og Piu Wrede og Selfyssingnum Arnbjörgu Ýr Sigurðardóttur.

Spila af hjartans list með græjurnar í botni

Stelpurnar hafa spilað mislengi en byrjuðu að æfa saman haustið 2022. Þær búa ekki allar í sama bæjarfélagi og hafa því þurft að ferðast töluvert til að geta æft saman. Þær hafa allar mismunandi tónlistarsmekk, allt frá „50's rock'n roll“ til „2010's pop rock“. Þær telja þessa fjölbreytni verða til þess að oft komi mjög

áhugaverðar hugmyndir fram á æfingum. Lögin sem þær fluttu í Músíktílaunum voru nokkurs konar alt/rock en ólík innbyrðis,

þær vita fátt skemmtilegra en að sitja inni í litlu stúdíói og spila af hjartans list með græjurnar í botni.



Lokakeppni Stóru upplestrarkeppninnar í Árborg

Lokakeppni Stóru upplestrarkeppninnar í Árborg 2023 var haldin í Sunnulækjarskóla fimmtudaginn 23. mars sl.

Lokahátíðin er samstarfsverkefni grunnskólanna og Skólaþjónustu Árborgar með stuðningi frá Röddum sem áður héldu utan um keppnina á landsvísi. Á lokahátíðinni kepptu þrír fulltrúar frá hverjum skóla sem hafa verið valdir í forkeppnum í sínum skóla en undirbúningur fyrir keppnina hefur staðið frá degi íslenskrar tungu 16. Nóvember.

Keppnin fór þannig fram að keppendur lásu þrisvar sinnum, í fyrstu umferð var lesið textabrot úr bókinni Víti í Vestmannaeyjum eftir Gunnar Helgason, næst voru lesin valin ljóð eftir Aðalstein Ásberg og í þriðju umferð lásu keppendur ljóð sem nemendur völdu sjálfir. Sigurvegari síðasta árs

kynnti skáld keppninnar.

Milli upplestra voru tónlistaratriði í umsjón Tónlistarskóla Árnesinga sem gaf samkomunni hátíðlegan blæ. Í dómnefnd sátu Ingibjörg Einarsdóttir frá Röddum, formaður dómnefndar, Erna Ingvarsdóttir, kennari í Grunnskóla Hveragerðis og Hrund Harðardóttir, kennsluráðgjafi í

Árborg.

Sigurvegari keppninnar í ár var Anna Metta Óskarsdóttir úr Vallaskóla, í öðru sæti varð Rán Ægisdóttir úr Sunnulækjarskóla og í þriðja sæti varð Kristrún Birta Guðmundsdóttir úr Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri.



Stóra upplestrarkeppnin í Þorlákshöfn

Í síðustu viku fór fram hin árlega Stóra upplestrarkeppni 7. bekkjar. Að þessu sinni lásu 17 nemendur Grunnskólans í Þorlákshöfn texta upp úr bókinni Víti í Vestmannaeyjum eftir Gunnar Helgason og ljóð eftir Aðalstein Ásberg Sigurðsson. Allir stóðu keppendur sig með þryði og fengu mikið klapp frá áhorfendum eftir upplesturinn.

Fimm nemendur, auk eins varamanns, voru valdir til að keppa fyrir hönd skólans á lokahátíð sem fer fram í maí en þar mætast nemendur úr Grunnskólanum Þorlákshöfn og Hveragerði. Fulltrúar Þorlákshafnar verða Freyja Ósk Ásgeirsdóttir, Eva Karen Ragnarsdóttir, Söldís Sara Sindradóttir, Sólveig Grétarsdóttir og Jara Björg Gilbertsdóttir. Varamaður verður Þóra Zhenda Steingrímsdóttir.





ADALSKOÐUN

Er kominn tími á skoðun?



Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996



ÚTBOÐ

Rangárþing eystra óskar eftir tilboðum í :
„Lóðafrágangur við nýjan leikskóla á Hvolsvelli“

Verkið felur í sér heildarfrágang á lóð við nýjan leikskóla á Hvolsvelli. Verktaki skal sjá um allan yfirborðsfrágang þar með talin jarðvegsskipti og koma fyrir fyllingum, setja upp girðingar ásamt hliðum, koma fyrir snjóbræðslukerfi, reisa ljósastaura og ganga frá raflögn í jörð vegna lýsingar, helluleggja og eða steypa gönguleiðir, bílastæði fatlaðra og stéttar, smíða timburpalla og timburleiktæki, aðstoða við uppsetningu leiktækja, ganga frá fallvarnarefnum og gervigrasi, þökuleggja grassvæði, ganga frá gróðurbeðum, gróðursetja tré og runna.

Helstu magntölur eru:

Grúsarfylling	430 m ³
Hellulögn	660 m ²
Steypt stétt	150 m ²
Fallvarnarefni og gervigras	940 m ²
Reising ljósastaur	17 stk
Snjóbræðsla	612 m ²
Girðing	860 m
Timburdekk	130 m ²
Graspökur	2100 m ²
Grassáning	900 m ²

Verktaki tekur við byggingarsvæði 10. maí 2023. Byggingarsvæði er afgirt og með hliði inn á vinnusvæði. Áætluð verklok lóðafrágangs er 15. ágúst 2023.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með miðvikudeginum 5. apríl 2023. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Guðmund Úlfar Gíslason, skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra með tölvupósti í netfangið ulfar@hvolsvollur.is, og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvöllur fyrir kl. 11.00 miðvikudaginn 26. apríl 2023 og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Guðmundur Úlfar Gíslason
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþings eystra

Afmælishátíð í Vallaskóla

Föstudaginn 31. mars sl. var haldið upp á 20 ára starfsafmæli Vallaskóla og um leið 90 ára skólasögu á Selfossi. Nemendur og starfsfólk unnu hörðum höndum að skreytingum fyrir afmælishátíðina eins og sjá mátti á glæsilegum afrakstri vítt og breitt um skólann.

Fyrsta skólahúsið á Selfossi var byggt fyrir norðan húsið Stað í Sigtúni á bökkum Ölfusár.

Grunnflötur þess var 8,8 m x 5,4 m, alls 47,5 fm.

Fyrsta skólaárið var barnaskólinn enn starfandi sem farskóli og kenndi Ásthildur Pálsdóttir þeim 16 nemendum sem þá skólann sóttu. Þennan fyrsta vetur var húsið hitað upp með gömlum kolaofni úr Vesturbúðinni á Eyrarbakka. Ekki var rennandi vatn í húsinu og engin var snyrtingin en

útikamar var til staðar norðan við húsið.

„Afmælishátíðin okkar tókst með eindæmum vel! Við fórum í skrúðgöngu um skólann, hlustuðum á afmæliskveðjur, dönsuðum zumba og borðuðum kökur og pizzu, alveg eins og afmæli eiga að vera, líf og fjör og gleði,“ segir í tilkynningu frá skólanum.



Gaman er að geta þess að gamlar Dagskrár voru notaðar við gerð fánaprikanna sem börnin skreyttu svo með afmælisfánum eins og sjá má á meðfylgjandi myndum



Allir nemendur skólans lögðust á eitt við að perla þessi fallegu hjörtu.



Helga R. Einarsdóttir, fyrrum starfsmaður skólans til margra ára, lét sig að sjálfsgöðu ekki vanta á afmælishátíðina.



Líf og fjör í zumba undir stjórn Gunnhildar Þórðardóttur.



Gústaf Lilliendahl var í fyrsta árganginum sem útskrifaðist úr Vallaskóla og mætti tignarlegur í skrúðgöngu.



Nemendur í 10. bekk seldu kanilskonsur í fjäröflunarskyni.



Páll Sveinsson skólastjóri ávarpar afmælisgesti.

Litla hryllingsbúðin í Rangárþingi

Í Tónlistarskóla Rangæinga er íverði að vinna að skemmtilegri uppþærslu af Litlu hryllingsbúðinni og taka eldri söngnemendur þátt í þeirri vinnu. Nemendurnir hafa hittst annanhvorn miðvikudag í vetur og æft sig í að syngja fyrir hvert annað og saman undir stjórn Aðalheiðar Margrétar Gunnarsdóttur.

„Í janúar kom upp sú hugmynd hjá hópnum að vinna lögin í Litlu hryllingsbúðinni og þá hófst fjörið. Miklar söng og leikæfingar, sviðsmynda vinna og hljómsveit fengin til að spila með. Mjög gaman er að finna að maður er aldrei af ungur til að leika sér, læra að syngja og hafa gaman. Strax er fólk farið að sýna mikinn áhuga



á að koma á sýningarnar og best er að tryggja sér miða sem fyrst á songleikur@tonrang.is en sýningar verða 13. apríl kl. 20.00, 16. apríl kl. 16.00 og 17. apríl kl. 18.00,“ segir Aðalheiður í samtali við Dagskrána.

Það er misskilningur að erfitt sé að mála með vatnslitum

Vatnslitamálarinn og kennarinn, Derek Karl Mundell er listamaður mánaðarinn í apríl hjá Gallery Listaseli á Selfossi. Sýningin verður opnuð á skírdag 6. apríl kl. 15 og er opin þann dag til kl. 18. Hún er síðan opin til 29. apríl alla þá daga sem Galleríið er opið.

Derek fluttist til Íslands 1976 og hefur búið hér síðan. Fyrir fjörutíu árum eða svo vaknaði áhugi hans á að mála með vatnslitum og að því verkefni hefur hann unnið síðan. Í mörg ár þróaði hann verk sín og tækni sem áhugamál eingöngu en vann fulla vinnu við vísindastörf og síðar að markaðsmálum. Hann naut á þessum tíma leiðsagnar margra frábærra listamanna og kennara hérlendis, í Englandi og Bandaríkjunum, og þeir vörðugu þá spennandi leið sem fólst í þekkingu á vatnslitum.

Árið 2007 greip Derek tækifærið og skipti um stefnu í störfum sínum, hann lauk námi í listfræði við Háskóla Íslands og hóf að kenna vatnslitum á námskeiðum fyrir fullorðna í Myndlistarskóla Kópavogs. Fyrir fjórum árum stofnaði hann

Vatnslitafélag Íslands og hefur verið formaður þess síðan. Í dag eru um 230 manns skráðir í félagið sem er mjög virkt í að efla stöðu vatnslitamálnar og stuðla að samvinnu félagsmanna á því sviði

Þetta er níunda einkasýning Dereks hérlendis en hann hefur einnig tekið þátt í mörgum samsýningum. Hann á verk í einkasöfnum og á stöðum opnum almenningi á Íslandi, í Kanada, Svíþjóð, Noregi, Bandaríkjunum og Bretlandi.

Derek telur að það sé útbreiddur misskilningur að vatnslitir séu erfiðir miðill að vinna með. Í hans huga felst listin í jafnvægi þess að stjórna vatninu og vinna með því. Af því leiðir svo að vatnslitir eru að nokkru leyti ófyrirsjáanlegir, myndirnar móta sig að nokkru leyti sjálfar og öðlast eigið líf í höndum málarans. Stöku sinnum tekst svo vel til að vatnið, litirnir og pappírinn blandast með þeim undrum sem aðeins vatnslitaverk geta kallað fram og þá getur listamaðurinn verið ánægður með verk sitt.



Sóknarnefnd Selfosskirkju býður uppá hressingu á páskadagsmorgun

Eftir messu á páskadagsmorgun mun sóknarnefndin bjóða kirkjugestum uppá góða hressingu að aflokinni messu. En eins og á undanförunum árum verður páskamessa í Selfosskirkju kl. 8 á páskadagsmorgun. Það er sóknarnefnd mikill heiður að bjóða kirkjugestum til morgunhressingar. Nokkur fyrirtæki hafa lagt okkur lið við undirbúning sem við erum þakklát fyrir. Í fyrra voru það GK-bakarí og Tannlæknastofa Halls og Petru. Vonandi koma sem flestir í messu á

páskadagsmorgun, hlökkum til að sjá ykkur, gleðilega páska.

Björn Ingi Gíslason, formaður sóknarnefndar.



Sumarstörf á Litla-Hrauni og Sogni

Fangelsismálastofnun leitar að áhugasömu starfsfólki til starfa við fangavörslu sumarið 2023.

Starf fangavarða er fjölbreytt og felst m.a. í leiðsögn og aðstoð við skjólstæðinga, eftirliti, verkstjórn og þátttöku í allri daglegri starfsemi fangelsa. Um er að ræða gefandi en jafnframt krefjandi starf í lifandi starfsumhverfi þar sem engir tveir dagar eru eins.

Við leitum að jákvæðum einstaklingum sem eru góðir í samskiptum, geta brugðist skjótt við breytilegum aðstæðum og finnst gaman að vinna með fólki. Um er að ræða bæði störf í dagvinnu og vaktavinnu. Umsækjendur þurfa að vera orðnir 20 ára eða eldri.

Nánari upplýsingar um störfina er að finna á fangelsi.is. Umsóknarfrestur er til og með 17. apríl nk.

Símsvörun og almenn skrifstofustörf

Matvælastofnun auglýsir laust til umsóknar afleysingarstarf við símsvörun og almenn skrifstofustörf á aðalskrifstofu stofnunarinnar á Selfossi frá 1. júní til 15. ágúst nk. Vinnutími er frá 08:00 til kl 15:15.

- Helstu verkefni**
- Símsvörun og móttaka
 - Almenn aðstoð við starfsmenn og viðskiptavinum
 - Skjalaskráning
 - Móttaka og útsending bréfa
 - Innkaup, pantanir og lagerhald fyrir stofnunina
 - Umsjón ferðabæiðna og pantanir á flugi og gistingu
 - Önnur almenn skrifstofustörf

- Hæfniskröfur**
- Menntun sem nýtist í starfi
 - Haldgóð þekking og reynsla af tölvuvinnslu
 - Reynsla af skrifstofustörfum
 - Reynsla af bókhaldi kostur
 - Reynsla af þjónustu við viðskiptavinum
 - Háttís framkoma og rík þjónustulund
 - Góð íslensku- og enskukunnátta
 - Nákvæm vinnubrögð

Frekari upplýsingar um starfið

Nánari upplýsingar um starfið veitir Erna Reynisdóttir sviðsstjóri erna.reynisdottir@mast.is í síma 530-4800.

Sótt er um starfið á Starfatorgi og skal starfsferilskrá fylgja umsókn. Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl n.k. Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning liggur fyrir. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sameykis og fjármála- og efnahagsráðherra.

Nánari upplýsingar um stofnunina er að finna á www.mast.is.

»DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nýjar fréttir á hverjum degi!



Sumarafleysingar í vinnslu okkar á Hellu

Við hjá Reykjarðri á Hellu leitum nú að öflugum og jákvæðum sumarstarfsmönnum til afleysingastarfa í vinnslunni okkar á Hellu. Um mikilvæg störf er að ræða en við þurfum að tryggja að landsmenn skorti ekki Holtakjúklinginn á grillin í sumar. Vængir, leggir og aðrar gæðavörur bíða nú aðstoðar sumarstarfsmanna og við hvetjum alla áhugasama sem eru 16 ára á árinu eða eldri til að sækja um hjá okkur. Möguleiki er á áframhaldandi vinnu í haust.

Umsækjendur vinsamlega sakið um á heimasíðu Reykjarðs, hola.is eða sendið póst á netfangið bjorgvin@hola.is. Nánari upplýsingar má fá í síma 575-6460.



Hafnarverk ehf. Þorlákshöfn

Lóðaframkvæmdir, bílastæða og gatnahreinsun, hellulagnir, lóðahönnun og ráðgjöf, bílplön, göngustígar og öll önnur jarðvinna. Erum ágætlega tækjum búnir getum útvegað allt efni og fjarlæggt jarðveg. Einnig vélaleiga Smágrafa 1.9 tonn og örgrafa 0.8 tonn hentar vel í lét-tan jarðveg skemmir lítið út frá sér. Hafið samband í síma 8968761 hafnarverk@gmail.com



„Vorið er hér fuglaflört“

Páskaónleikar verða haldnir í Eyrbakkakirkju á Föstudaginn langa kl. 15 og á sjálfan Páskadag klukkan 15.

Sú venja hefur skapast að þau Valgeir Guðjónsson og Ásta Krístrún í Bakkastofu hafa haldið tónleika á þessum tíma með fuglana í aðalhlutverki og þeir þá gengt hlutverki erindreka í boðskap um náttúruvernd. Fuglalögin verða áfram leikin sungin og jafnvel dönsuð en að þessu sinni tvinnast þau saman við þau lög Valgeirs um kærleik og frið. Ásta kynnir lögin með stuttum hugleiðingum um boðskap þeirra. Þá fær Valgeir fær til sín góðan liðsaka sem eru gestasöngvarar úr röðum Unglingkórs Selfoskirkju.

Bakkastofa á því láni að fagna að vinna með Edit Molnár organista og kórstjóra kirkjunnar.

ar út frá flutningi á lögum Valgeirs. Unglingakór kirkjunnar er orðinn vel kunnur lögum hans enda sungið þau bæði í febrúrmánuði kvöldmessu í Selfoskirkju og gert viðreist

sem gestakór í Kóramóti Hafnarfjarðar þann 25. mars þar sem lög Valgeirs voru þema mótsins.

Miðasala verður á tix.is en líka við innganginn.



Páskahefðir

Sinn er siður í landi hverju segir máltekið og margt sem getur komið skemmtilega á óvart þegar betur er að gáð. Páskasýning Listagjannar 2023 er samvinnuverkefni Menningar- og upplýsingadeildar Árborgar, fjölmennigarteymis sveitarfélagsins, leikskólanna Alfheima, Arbæjar, Hulduheima og Jötunheima og fristundaheimilanna Bifrastar í Valla-

skóla og Hóla í Sunnulækjar-skóla.

Nemendur veltu fyrir sér páskahefðum ólíkra landa og völdu sér svo leiðir til að miðla áhugaverpum fróðleik til gesta Páskasýningarinnar.

Sýning leikskólanna er á Norðurgangi í Sundhöllinni og sýning frístundar í Listagjanni í Bókasafni Árborgar, Selfossi.



Mynd: freepik.com

Kristján Valdimarsson er íþróttamaður ársins

Áðalfundi Íþróttafélagsins Hamars sem haldinn var á dögunu, var blakmaðurinn Kristján Valdimarsson kjörinn íþrótt- og blakmaður Hamars 2022.

Kristján er varafyrirliði í liði Hamars sem hefur staðið sig með yfirburðum undanfarin ár. Liðið er ríkjandi deildar-, bikar-, og Íslandsmeistarar.

Kristján er að auki lykilmaður í íslenska landsliðinu sem lék í undankeppnin Evrópumótsins á síðasta ári.

Þá var Úlfur Þórhallsson kjörinn badmintonmaður Hamars, Ragnar Nathanielsson körfuknattleiksmaður Hamars og Ísak Sindri Danielsson Martín knattspyrnumaður Hamars.

Ljósmynd: Hamar.



Ný stjórn Knattspyrnudeildar UMF. Selfoss

Áðalfundur Knattspyrnudeildar UMF. Selfoss, var haldinn 29. mars sl. Á fundinum fóru fram venjuleg aðalfundarstörf, ásamt yfirferð á starfi deildarinnar á sl. ári og þessu ári. Hugur var í fundarmönnum um starf deildarinnar og framtíðina. Á fundinum var kosin ný stjórn deildarinnar, en hana skipa: Jón Steindór Sveinsson, formaður, Eiríkur Steinn Búason, gjaldkeri, Guðjón Bjarni Hálfðánarson, ritari og varaformaður, Atli Marel Vokes, meðstjórnandi, Harpa Íshólm Ólafsson, dóttir, meðstjórnandi og Telma Österby, varamaður í stjórn.





Við erum sérfræðingar í prentun bóka,
almennu prentverki og framleiðslu umbúða.
Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.



Leyfðu okkur að finna bestu, hagkvæmustu
og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.



Umbúðir

Almenn
prentun

Bækur



Límmiðar

📍 Eyraveggi 25, 800 Selfoss

☎ 482 1944

✉ selfoss@prentmetoddi.is

🌐 prentmetoddi.is



FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgun
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfið með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF

GLEÐILEGA
PÁSKA

Stjórn félags eldri borgara
Selfossi

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyurvegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

BORGTHOR EHF

Jarðvinnuverktaki

Flúðum
Sími 899-0816
borgthorehf@gmail.com

ÞJÓNUSTA

Smiður óskar
eftir verkefnum

Smiður getur tekið að sér viðhald
í heimahúsum og sumarhúsum á
höfuðborgarsvæðinu, Selfossi
eða Hveragerði. Dagvinna,
kvöldvinna og/eða helgarvinna.
Parket, flísar, samsetning á eld-
húsinnréttingum o.fl. Nánari
uppl. í síma 777 2265.

HEILSA

Nudd –
Svæðanudd

Dáleiðsla

Augnlestur og
heilsuráðgjöf

Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í
Heilsulindinni Miðgarði,
Austurvegi 4, Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

BÍLAR



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KIRKJUR

Helgihald páska í
Árborgarprestakalli
6. apríl – skírdagur
Fermingarmessur í
Selfoskirkju kl. 11 og 13.
Messa í Laugardælakirkju kl.
15:00. Að messu lokinni fer
aðalsafnaðarfundur sóknarinn-
ar fram í kirkjunni.

7. apríl – föstudagurinn langi
Pílagrimaganga kl. 9:45.
Gengið verður frá
Laugardælakirkju að
Selfoskirkju. Gangan hefst
með stuttri helgistund í
Laugardælakirkju og verður
staldrað við á leiðinni til
stuttra hugleiðinga.

8. apríl – Laugardagur fyrir
páska
Magnificat - Páskatónleikar
Sinfóníuhljómsveitar
Suðurlands í Selfoskirkju kl.
16 (miðasala á tix.is).
9. apríl – páskadagur

Hátíðarmessa í Selfoskirkju kl.
08:00. Að messu lokinni býður
sóknarnefnd kirkjугestum til
morgunverðarborðs í safnað-
arheimilinu.

Hátíðarmessa í
Eyrarbakakirkju kl. 08:00

Hátíðarmessa í
Stokkseyrarkirkju kl. 11:00

Hátíðarmessa í
Villingaholtakirkju kl. 11:00

10. apríl – annar páskadagur
Messa í Hraungerðiskirkju kl.
11:00

Messa í Gaulverjabæjarkirkju
kl. 14:00

Gleðilega páska og verið öll
hjartanlega velkomin til góðra
og gefandi kirkjustunda yfir
páskanna:

Hrepphóla kirkja:

Passíusálmafestur á föstudag-
inn langa í Hrepphóla kirkju.
Margt fólk á öllum aldri kemur
að lestrinum sem hefst kl. 12
og stendur fram yfir kl. 16.
Heitt á könnunni og kaffibrauð
í safnaðarheimilinu á meðan á
lestri stendur. Verið öll vel-
komin!

Hrunakirkja:

Ferming á skírdag 6. apríl kl.
13:30. Hátíðarmessa á páska-
dag 9. apríl kl. 8.
Morgunverður á eftir í safnað-
arheimili. Verið öll velkomin!

Ólafsvallakirkja:

Fermingarmessa á skírdag 6.
apríl kl. 11. Kirkjukórinn syng-
ur undir stjórn Þorbjargar
Jóhannsdóttur organista.

Stóra-Núpskirkja:

Hátíðarmessa og ferming á
páskadag 9. apríl kl. 11.
Kirkjukórinn syngur undir
stjórn Þorbjargar
Jóhannsdóttur organista.
Verið öll hjartanlega velkomin!

KIRKJUR

Hvítasunnukirkjan Selfossi
Páskadagur fjölskyldusam-
koma kl. 11:00
Pálínuboð og samfélag eftir
samkomu
Allir innilega velkomnir.
www.selfossgospel.is

Pentecostal Church in Selfoss
Easter Sunday service at 11
am
Food and fellowship after ser-
vice
English translation available
Everyone is welcome

Kotstrandarkirkja:
helgistund á föstudaginn
langa kl. 13. Unnur Birna
Björnsdóttir annast tónlistar-
flutning. Gengið verður frá
Hveragerðiskirkju í
Kotstrandarkirkju og lagt af
stað kl. 11.30 frá
Hveragerðiskirkju.
Hátíðarguðsþjónusta á páska-
dag kl. 14.

Hveragerðiskirkja:
hátíðarguðsþjónusta á páska-
dagsmorgun kl. 8.
Sóknarnefnd býður til morg-
unverðar í safnaðarheimilinu.

Safnaðarheimili aðventista,
Eyurvegi 67, Selfossi, 8. apríl.
Bíbliulexiur kl. 11 og páska-
guðsþjónusta kl. 12, Harri
Guðmundsson hefur prédíkun.

Verið velkomin og gleðilega
páska.

Í Skálholtspresta kalli verður
mikið af fjölbreyttu helgihaldi
fram að og yfir páskanna. Ekki
verður helgihald í
Skálholtsdómkirkju vegna við-
gerða en messað verður í
öðrum kirkjum í prestakallinu.

6. apríl - skírdag verður mess-
að í Bræðratungukirkju
kl. 14.00 og í Stóru-Borgarkirkju
kl. 18.00.

Messan í Stóru-Borgarkirkju
verðu óhefðbundin að því leiti
að búið verður að raða upp
borðum og stólum. Við ætlum
að halda Pálínu- boð og koma
með mat og drykk að borðum
en það verður messað við
borðið og við brjótum saman
brauð og útteilum altaris
sakramentunum, í lokin fer
fram afskríðing altaris.

7. apríl - Föstudaginn langa
verður píslarsögu helgistund í
Torfastaða kirkju kl. 16.00.
Þá munum við lesa píslarsög-
una og síðustu sjö orð Krist á
Krossinum.
8. apríl- aðfangadagur páska,
Fermingarmessa í
Úthlíðarkirkju.
9. apríl - Páskadagur.
Sólarupprásarmessa kl. 6.15 í
Pingvallakirkju,

Hátíðarmessa í
Menntaskólanum á
Laugarvatni kl. 8.00, boðið
verður upp á morgunverð eftir
messuna og páskaeggjaleit
fyrir börnin.

Hátíðarmessa í
Torfastaðakirkju kl. 14.00

Hátíðarmessa í Sólheimakirkju
kl. 14.00

10. apríl - messa í
Úlfjótssvatnskirkju kl. 11.00

messa í Haukadalskirkju
kl. 14.00

Þorlákskirkja

Skírdagur, 6. apríl -
Fermingarmessa kl. 13:30.
Páskadagur, 9. apríl -
Hátíðarguðsþjónusta kl. 10:00.

Hjallakirkja í Ölfusi

Páskadagur, 9. apríl -
Hátíðarguðsþjónusta kl. 13:30.

Strandarkirkja í Selvogi

Páskadagur, 9. apríl -
Hátíðarguðsþjónusta kl. 15:00.

Páskamessa í
ML

Hjá okkur í Skálholtspresta-
kalli er sérstakur viðburður
á Páskadag þar sem við munum
messa Páskamessu kl. 8.00 í
Menntaskólanum á Laugarvatni.

Sr. Dagur Fannar Magnús-
son mun prédika og þjóna fyrir
altari, Félagar úr Söngkór Mið-
dalskirkju og Skálholtskórnum
munu leiða almennan safnaðar-
söng undir stjórn Jóns Bjarna-
sonar organista.

Boðið verður upp á morgun-
mat eftir messuna og páska-
eggjaleit fyrir börnin.

Það er einstakur viðburður
að messað sé í Menntaskólanum
á Laugarvatni og er það vegna
þess að framkvæmdir standa
enn yfir á Skálholtskirkju.

Skálholtsprestakall

Passíusálmar og
kaffiveitingar
Hrepphóla kirkja:

Allir passíusálmar sr. Hall-
gríms Péturssonar verða
lesnir í Hrepphóla kirkju á föstu-
daginn langa, 7. apríl, og hefst
lesturinn kl. 12. Fjöldi lesara á
öllum aldri kemur að lestrinum.
Fermingarbörn og fjölskyldur
þeirra, sóknarnefndarfolk, félag-
ar úr félagi eldri borgara í sveit-
inni eru meðal lesara þetta árið.
Á meðan á lestrinum stendur
er boðið upp á kaffiveitingar í
safnaðarheimili kirkjunnar og er
dagskráin hugsuð þannig að fólk
geti kíkt við, hlýtt á lestur og
fengið sér kaffi í leiðinni. Pass-
íusálmarnir hafa verið lesnir upp
í Hrepphóla kirkju síðan árið
2000, að undanskildum tveimur
árum en þá féll lesturinn niður
vegna faraldursins. Á milli
lestra úr passíusálmunum er lesið
upp úr píslarsögu guðspjallanna.
Upplstur hefst sem fyrr segir
stundvíslega kl. 12 og gert er ráð
fyrir að honum ljúki kl. 16:15.



Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Flóahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt skipulagslýsing eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:

1. Útey 2 L167648; Mýrarskógur og Eyjavegur; Breyttir landnotkunarflokkar; Aðalskipulagsbreyting – 2212016

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 27. mars 2023 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Í breytingunni felst að frístundasvæði innan jarðar Úteyjar 2 er minnkað vestan Laugarvatnsvegur og verður á ný skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Sambærileg stærð nýs frístundasvæðis er skilgreind innan jarðarinnar við Apavatn þar sem landbúnaðarland er breytt í frístundasvæði.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar:

2. Fossmýri L224005; Smábýlabýggð; Deiliskipulag – 2302024

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 28. mars 2023 að kynna tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til lands Fossmýri, L224005. Markmiðið með skipulaginu er að afmarka 5 landspildur (smábýli) og skapa aðlaðandi og búsetuvæna byggð með dreifbýlisfirbrigði sem fellur vel að náttúrulegu umhverfi svæðisins með áherslu á friðsæld, rými og náttúru. Heildarfjöldi bygginga á byggingarreit má mest vera 3 stakstæð hús, þ.a. íbúðarhús og gestahús, samanlagt að hámarki 600m² og geymsla/útihús allt að 1500m².

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

3. Úthlíð L167514; VÞ15 Breyttar heimildir; Aðalskipulagsbreyting – 2209074

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 1. mars 2023 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til jarðarinnar Úthlíðar. Breytingin felst í því að hluta verslunar- og þjónustusvæðisins verður breytt í afþreyingar- og ferðamannasvæði þar sem heimild verður fyrir hjólhýsasvæði og tjaldsvæði. Þá verður afmörkun verslunar- og þjónustusvæðisins breytt og byggingarheimildir uppfærðar. Í Úthlíð er mikil frístundabyggð og einnig ymiss konar þjónustustarfsemi tengd henni. Markmiðið með breytingunni er að efla starfsemi og þjónustu í Úthlíð.

4. Lækjarholt 1 L231163; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting – 2208025

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. mars 2023 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi í landi Lækjaholts 1 L231163. Í gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 er skipulagssvæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Í breytingunni felst að hluta landspildunnar verði breytt í verslunar- og þjónustusvæði þar sem heimiluð verði ferðaþjónusta.

5. Selhöfðar í Þjórsárdal; Verslunar- og þjónustusvæði; Aðalskipulagsbreyting – 2106076

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. mars 2023 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Í breytingunni felst að sett er inn nýtt verslunar- og þjónustusvæði VÞ26 og skógræktar- og landgræðslusvæðið SL17 minnkað samsvarandi. Felld er út aðkoma að Selfit og verður hún sameiginleg með aðkomu að þjónustumiðstöð við Selhöfða. Settur er inn nýr vegur frá þjónustumiðstöð að hóteli í Reykholti. Reiðleið er færð nær Þjórsárdalsvegi á kafla en að öðru leyti er hún aðlöguð að nýjum vegi að Reykholti. Gert er ráð fyrir gönguleið frá afþreyingar- og ferðamannasvæði í Sandártungu (AF9) yfir VÞ26 og að afþreyingar- og ferðamannasvæði í Selfit (AF10).

6. Hnaus L166347; Hnaus lóð L178934; Hnaus lóð L17893; Hnaus land 1 L213872 og Mosató 4 L230715; Breytt landnotkun (F16, F16D og SL6; Aðalskipulagsbreyting – 2207019

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. mars 2023 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Breytingin tekur til frístundasvæðanna F16 og F16D sem skilgreind verða sem landbúnaðarland, ásamt hluta skógræktar- og landgræðslusvæðis, SL6. Um er að ræða svæði sem tilheyra lóðunum Hnaus L166347, Hnaus lóð L178934, Hnaus lóð L17893, Hnaus land 1 L213872 og Mosató 4 L230715.

Samkvæmt 41. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsbreytinga og nýrra deiliskipulagsáætlana:

7. Skálmholt; Huldu- og Maríuhólar; Íbúðabyggð; Deiliskipulag – 2211052

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 28. mars 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til íbúðarbyggðar í landi Skálmholts. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 43 nýjum íbúðarhúsalóðum að stærðinni 8.751 fm til 16.428 fm. Auk þess eru á svæðinu

fjórar 15.000 fm frístundalóðir sem breytast í íbúðarlóðir. Heildarfjöldi íbúðalóða á svæðinu verður því 47. Á þeim er heimilt að byggja íbúðarhús, útihús og geymslu/bílageymslu. Nýtingarhlutfall lóða má vera allt að 0,05.

8. Eystri-Loftsstaðir 11 L227156; Íbúðar- og útihús; Deiliskipulag – 2210086

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 28. mars 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til lóðar Eystri-Loftsstaða 11. Í deiliskipulaginu felst heimild fyrir uppbyggingu íbúðarhúss og útihúss.

9. Krækishólar; Frístundasvæði í íbúðarsvæði; Deiliskipulagsbreyting – 2209023

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 25. janúar 2023 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til frístundasvæðis við Krækishóla. Í breytingunni felst að frístundasvæði breytist í íbúðarsvæði. Breytingin er í takt við sambærilega umsókn um breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps vegna Krækishóla.

10. Selhöfðar í Þjórsárdal; Þjónustumiðstöð; Deiliskipulag – 2110091

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. febrúar 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til Selhöfða í Þjórsárdal. Um er að ræða deiliskipulag sem tekur til ferðamannasvæðis í Sandártungu í Þjórsárdal á um 52 ha svæði þar sem m.a. gert er ráð fyrir þjónustumiðstöð sem þjóna muni öllum Þjórsárdal. Innan deiliskipulags er gert ráð fyrir byggingarheimildum fyrir þjónustumiðstöð, gistihúsi/smáhúsi, aðstöðuhúsi auk salernishúsa og spennistöðvar.

11. Vatnsholt 2 L166398; Tjaldstaði; Deiliskipulag – 2106162

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 28. mars 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til Vatnsholts 2, 1663938. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining á svæði fyrir tjaldsvæði innan jarðarinnar ásamt byggingarheimildum fyrir 100 fm húsi tengt rekstri tjaldsvæðis. Auk þess er gerð grein fyrir núverandi byggingum innan svæðisins og nýrri aðkomu að svæðinu.

12. Vörðás 5-9 (áður Vörðás 5, 7 og 9); Ferðaþjónusta og byggingarheimildir; Deiliskipulag – 2302016

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 1. mars 2023 að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til lóða Vörðuáss 5, 7 og 9 í Úthlíð. Lóðirnar eru innan skilgreinds verslunar- og þjónustusvæði í aðalskipulagi Bláskógabyggðar. Gert er ráð fyrir sameiningu lóðanna í Vörðás 5-9 og að heimiluð verði uppbygging á ýmskonar þjónustu, einkum fyrir ferðamenn. Heildarstærð núverandi bygginga er 1163,6 m². Leyfilegt heildarbyggingarmagn á Vörðási 5-9 er allt að 1.850 m². Heimilt er að viðhalda núverandi byggingum eða byggja nýjar í þeirra stað. Auk þess er heimiluð áframhaldandi uppbygging ferðaþjónustu s.s. veitingaaðstaða, gisting sem hvort sem er getur verið í gistihúsi eða minni gestahúsum, einnig ýmskonar afþreying sem fellur vel að þjónustu við gesti staðarins og eigendur frístundahúsa í nágrenninu.

Samkvæmt 32. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða sveitarstjórnar vegna eftirfarandi aðalskipulagsbreytinga.

13. Mið- og Áhrhauksvegur; Breytt landnotkun; Aðal- og deiliskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 16.11.2022 óverulega breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í breytingunni felst að landnotkun landsins færist til fyrra horfs með þeim hætti að skilgreind landnotkun landsins verði landbúnaðarsvæði í stað frístundasvæðis. Svæðið sem um ræðir tekur til um 19 ha. Samhliða var samþykkt óveruleg breyting á deiliskipulagi svæðisins í takt við breytingu á aðalskipulagi.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna, www.floahreppur.is, www.blaskogabyggd.is, www.gogg.is og www.skeidgnup.is.

Mál 1-2 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 5. apríl 2023 með athugasemdafrest til og með 3. maí 2023.

Mál 3-12 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 5. apríl 2023 með athugasemdafrest til og með 18. maí 2023.

Mál 13 er tilkynning um niðurstöðu sveitarstjórnar.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is

Vígús Þór Hróbjartsson, Skipulagsfulltrúi UTU

Oddfellow gáfu HSU 6 milljónir



HSU fékk nýverið heimsókn frá Rebekkustúku nr. 9 og Stúku nr. 17 Hásteini I.O.O.F. Stúkurnar halda um þessar mundir upp á 30 ára afmæli sitt og vildu af því tilefni færa líkn-

ardeild HSU 6 milljónir að gjöf til uppbyggingar deildarinnar.

„Það er ómetanlegt að finna þann hlýhug sem svona gjöf fylgir og aldrei hægt að fullþakka. Við færum stúkunum

innilegar þakkir fyrir höfðinglega gjöf sem mun nýtast vel og óskum þeim til hamingju með afmælið.“ segir í tilkynningu frá HSU.

Grunnskólinn í Þorlákshöfn 60 ára

Á þessu skólaári eru liðin 60 ár frá því Grunnskólinn í Þorlákshöfn hóf starfssemi sína. Af því tilefni buðu nemendur og starfsfólk gestum og gangandi til veislu. Óhætt er að segja að undirtektir hafi verið góðar því um 500 manns sóttu veisluna, að meðtöldum nemendum og starfsfólki.

Allar kennslustofur voru opnar þar sem mátti sjá verk nemenda eða sjá þá við störf. Nemendur sýndu fjölbreytt verkefni ásamt því að boðið var upp á afmælisköku. Tæknikunnáttu nemenda var gerð skil því mörgum myndböndum var varpað á skjái. Einnig voru QR kóðar víða á veggjum skólans þar sem gestir gátu skoðað myndbönd um sögu skólans og viðtöl við fyrrum nemendur og starfsfólk. Fram fór Kahoot spurningaleikur, dansatriði

voru sýnd, skólakórinn söng og lúðrasveitir spiluðu.

Skólanum bárust tvær rausnalegar afmælisfgjafir. Fjögur sett af Numicom stærðfærði kennslugögnum fyrir yngsta stig frá fyrirtækinu Hafnarnesi Ver og bráðasett og skáp undir hjartastuðtæki frá

Kvenfélagi Þorlákshafnar.

Aðdáun og undrun gesta leyndi sér ekki og margir höfðu á orði að ýmislegt hafi breyst í skólastarfi frá því þeir voru í skóla. Þreyttir en ánægðir nemendur og starfsmenn yfirgáfu skólann í lok dags.



Hannaðu það sjálfur!

honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum okkar getur þú t.d. út-búið **kort**, **dagatöl** og **myndabækur**.



Eyrangevegur 25, Selfoss
Sími 482 1944 - selfoss@prentmetoddi.is

SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER



VÉLALEIGA

SUÐURLANDS

699-5403

velaleigasud@gmail.com

Við leigjum út vélar
ásamt því tökum við að
okkur alla jarðvinnu.

Við erum á Facebook:
Vélaleiga Suðurlands

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

prentmet

heilðarlausrir i prentun



Stíflulosun
Rotpróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun

Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is



ÖKULAND

Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala

482 2311 ☎ 696 2311

Skrifstofa

Þjónustusími



NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is